

**Ed.**

## **169. Nefndarálit**

[143. mál]

um frv. til l. um lagagildi viðaukasamnings milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd. um álbræðslu við Straumsvík.

Frá meiri hl. iðnaðarnefndar.

Frv. þetta fjallar um staðfestingu á viðaukasamningi við gildandi aðalsamning milli ríkisstjórnarinnar og Alusuisse um álbræðslu í Straumsvík (þriðja viðauka við aðalsamning) sem undirritaður var milli aðila hinn 5. nóv. 1984, samfara viðaukasamningi milli Landsvirkjunar og Íslenska álfélagsins hf. (ÍSALs) um breytingar á rafmagnssamningi vegna álbræðslunnar og sáttargerðarsamningi milli ríkisstjórnarinnar og Alusuisse í tilefni af þeim ágreiningi sem staðið hefur um nokkurt skeið varðandi framleiðslugjald ÍSALs.

Samningar þessir eru ávöxtur af þeim samningaviðræðum sem átt hafa sér stað milli aðilanna síðan á fyrra ári á grundvelli bráðabirgðasamnings ríkisstjórnarinnar og Alusuisse frá 23. sept. 1983 þar sem ákveðið var að leita lausnar á yfirstandandi deilu um framleiðslugjald ÍSALs og að taka upp viðræður um endurskoðun á orkuverði og öðrum tilteknum málefnum varðandi framtíðarstarfsemi álbræðslunnar. Fela samningarnir í sér þær niðurstöður sem náðst hafa í viðræðunum til þessa, þ. e. endanlega lausn á deilum vegna liðins tíma og endurskoðun á orkuverði og öðrum skilmálum rafmagnssamnings fyrir núverandi álbræðslu.

Viðræður um önnur málefni samkvæmt bráðabirgðasamningnum munu hins vegar halda áfram á næstu mánuðum, þ. e. um endurskoðun á ákvæðum aðalsamnings um skattkerfi fyrir núverandi álbræðslu, um hugsanlega stækkun álbræðslunnar í samvinnu við þriðja aðila og um möguleika á því að íslenska ríkið gerist hluthafi í ÍSAL. Er þessi fyrirætlun staðfest í samkomulagsbréfi milli ríkisstjórnarinnar og Alusuisse frá 5. nóv. 1984.

Nefndin hefur haft mál þetta til athugunar á nokkrum fundum og m. a. rætt við formann og aðra nefndarmenn samninganefndar um stóriðju sem iðnaðarráðherra skipaði 14. júní 1983 til að annast viðræðurnar við Alusuisse, svo og ritara nefndarinnar og lögfræðilegan ráðunaut. Einnig hefur hún rætt við forstjóra Landsvirkjunar og nokkra starfsmenn og stjórnarmenn fyrirtækisins. Sömuleiðis hefur nefndin rætt við ýmsa sérfræðinga er önnuðust samskipti við Alusuisse í tíð fyrrv. iðnaðarráðherra á árunum 1980—1983. Jafnframt hefur hún rætt við lögmennt ríkisstjórnarinnar er önnuðust málflutning fyrir dómnefndum í Reykjavík og New York samkvæmt bráðabirgðasamningnum.

Meginatriði umræddra samninga eru þrjú. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir sátt milli ríkisstjórnarinnar og Alusuisse um öll deilumál þeirra vegna liðins tíma er taki gildi sem dómssátt fyrir ofangreindum dómnefndum ef frv. þetta verður að lögum. Þessi sátt felur í sér eina heildarlausn allra mála án þess að reynt sé að gera þau upp í einstökum atriðum eða að fá annan aðilann til að viðurkenna röksemdir hins. Er það eðlilegur grundvöllur að sátt af þessu tagi og einkum með tilliti til þess að megintilgangur sáttargerðarinnar er að gera aðilum kleift að ganga til samninga um skipan mikilvægra framtíðarmálefna sín í milli án þess að karp um liðinn tíma sé því til hindrunar.

Aðalefni sáttarinnar er það að ríkisstjórnin leysir ÍSAL og Alusuisse undan framleiðslugjaldskröfum og öðrum kröfum vegna liðins tíma en Alusuisse samþykkir að ÍSAL greiði ríkisstjórninni 3 000 000 dollara í sáttafé. Lögmennt í dómnefndarmálunum og lögfræðingur samningnefndar eru sammála um að fjárhæð þessi megi teljast viðunandi miðað við stöðu þeirra mála og má telja ljóst að niðurstaðan hefði getað orðið lægri allt eins og hærri ef málin hefðu verið rekin til enda. Greiðslan fer fram með lækun á skattinneign ÍSALs sem félagið á samkvæmt samningum frá tímabilinu fyrir 1. okt. 1975 og er það eðlileg tilhögun.

Í öðru lagi er samið um nokkrar breytingar á aðalsamningi um álbræðsluna og breytingu á aðstoðarsamningi milli ÍSALs og Alusuisse. Varða sumar breytingarnar framleiðslugjald

ÍSALs og eru ætlaðar til skýringar varðandi sum þeirra atriða sem orðið hafa aðilum að deiluefni, án þess að afstaða sé tekin til þeirra aftur í tímann. Meðal annars er nú kveðið svo á að endurskoðun á reikningum ÍSALs skuli fara fram árlega þannig að ekki séu tvímæli um stöðu framleiðslugjaldsins og teljum við það rétt spor miðað við óbreytta tilhögun gjaldsins. Annars ber að skoða allar þessar breytingar í ljósi þess að aðilarnir munu halda áfram viðræðum um endurskoðun reglna um framleiðslugjald ÍSALs þar sem skattamál álbræðslunnar verða tekin fyrir á breiðum grundvelli og geta niðurstöður viðræðnanna leitt til þess að breytingarnar verði úreltar að einhverju leyti. Meðal annars verður það til umræðu hvort taka skuli upp breyttar bókhaldsreglur og breyttar reglur um mat á viðskiptum milli Alusuisse og ÍSALs, ásamt því meginatriði hvort ástæða sé til að taka upp veltuskatt á fyrirtækið í stað skatts sem byggður er að hluta á nettótekjum.

Aðrar breytingar á aðalsamningi varða hlutabréf í ÍSAL, þannig að Alusuisse verður nú heimilt að selja hlutabréf í ÍSAL til dótturfélaga, sem það tekur ábyrgð á, og til þriðja aðila með samþykki ríkisstjórnarinnar, allt að 50% í stað 49% áður. Þetta síðast talda getur orðið til að greiða fyrir stækkun bræðslunnar en heimildin tekur þó aðeins til félagsins eins og það er nú og felur ekki í sér neina sjálfstæða heimild til stækkunar. Sú heimild verður til umræðu á komandi mánuðum og er háð samþykki Alþingis.

Í þriðja lagi hefur verið samið um gagngera endurskoðun á ákvæðum rafmagnssamnings um orkuverð til ÍSALs, þannig að þau ákvæði mega heita ný frá grunni. Samkvæmt þeim verður orkuverð á bilinu 12,5—18,5 mill á kWst en það felur í sér tvöföldun til þreföldun á því verði sem nú mundi gilda samkvæmt fyrri samningi. Breytist verðið innan þessara marka í hlutfalli við álverð samkvæmt fjórþætttri viðmiðun þar sem tillit er tekið bæði til verðskráningar á opnum markaði og framleiðendaverðs til óháðra aðila. Þessu verði er ætlað að gilda í 20 ár með fyrirvara um endurskoðun á 5 ára fresti. Það endurskoðunarákvæði er byggt á tilliti til breyttra aðstæðna og er þannig ætlað að tryggja að unnt verði að koma við nauðsynlegri breytingu orkuverðsins með tilteknu millibili á tiltölulega breiðum grundvelli.

Önnur aðferð við ákvörðun orkuverðsins hefði getað verið sú að tiltaka ákveðið verð með ákveðnum verðbreytingarreglum til langs tíma. Telja verður líklegt að með þeirri aðferð hefði orkuverðinu verið mun þrengri stakkur skorinn en með ofangreindri tilhögun. Mjög erfitt er að setja verðtryggingarreglur til langs tíma, hvort heldur á grundvelli álverðs, kostnaðarbreytinga eða almennra verðlagsbreytinga án þess að þrengja í verulegum efnum það svið viðmiðunaratriða sem unnt er að taka tillit til. Hið umsamda endurskoðunarákvæði er ekki takmarkað á þennan hátt og enda þótt eflaust megi deila um orðalag þess verður að telja ljóst að það muni í reynd tryggja nauðsynlega endurskoðun orkuverðsins með reglulegu millibili.

Samningurinn um hið nýja orkuverð er byggður á ítarlegum samanburði á orkuverði til stóriðju og samkeppnisstöðu álvera í Evrópu og Ameríku og stenst fullkomlega allan eðlilegan samanjöfnuð í þeim efnum. Hin mikla hækkun á verðinu er þeim mun athyglisverðari þegar þess er gætt að hér er um að ræða orkuverð til starfandi álvers en ekki til nýrrar verksmiðju sem byggir á nýjustu tækni annars vegar og orku frá nýjum virkjunum hins vegar.

Ljóst er af framansögðu og öðrum gögnum málsins að samningarnir eru íslensku þjóðarbúi til verulegra hagsbóta. Með tilliti til þess orkar ekki tvímælis að rétt er að staðfesta viðaukasamningana sem hér um ræðir. Þess vegna leggur meiri hl. nefndarinnar til að frv. þetta verði samþykkt.

Alþingi, 14. nóv. 1984.

Porv. Garðar Kristjánsson,  
form.

Davíð Aðalsteinsson,  
frsm.

Björn Dagbjartsson.

Egill Jónsson.